



Kjarasamningur 2020-2023



Takið þátt í
rafrænni kosningu
3.-9. febrúar
(sjá nánar á baksíðu)



SGS
Starfsgreinasamband Íslands

17 Aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands hafa undirritað nýjan kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga, með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023.

AFL starfsgreinafélag	Verkalýðsfélagið Hlíf
Aldan stéttarfélag	Verkalýðsfélag Snæfellinga
Báran stéttarfélag	Verkalýðsfélag Suðurlands
Drifandi stéttarfélag	Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Eining-löga	Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
Framsýn stéttarfélag	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Stéttarfélag Vesturlands	Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
Stéttarfélagið Samstaða	Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélag Grindavíkur	

Mánaðarlaun hækka sem hér segir á samningstímanum

1. janúar 2020:	Hækka laun um kr. 17.000 kr.
1. apríl 2020:	Hækka laun um kr. 24.000 kr.
1. janúar 2021:	Hækka laun um kr. 24.000 kr.
1. janúar 2022:	Hækka laun um kr. 25.000 kr.
1. janúar 2023:	Hækkun í samræmi við hækkun á almennum vinnumarkaði sem samið verður um þá.

Eingreiðslur

Uppgjörsgreiðsla fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 2019 kr. 70.000, sem greiðist þann 1. febrúar 2020.

Persónuuppþót

Persónuuppþót er greidd út 1. maí og 1. desember ár hvert.

1. desember 2019	kr. 115.850
1. maí 2020	kr. 50.450
1. desember 2020	kr. 118.750
1. maí 2021	kr. 51.700
1. desember 2021	kr. 121.700
1. maí 2022	kr. 53.000
1. desember 2022	kr. 124.750
1. maí 2023	kr. 54.350

Félagsmannasjóður

Stofnaður er sérstakur Félagsmannasjóður með það markmið að stíga skref til jöfnunar lífeyrisréttinda milli starfsmanna á almennum vinnumarkaði og opinberra starfsmanna. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlegt framlag í sjóðinn sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna og er úthlutað úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum verður nú í ár og fá allir félagsmenn í fullu starfi greiddar 61.000 kr.

Vinnutími

Vinnutími styttist um 13. mínútur á dag eða 65 mínútur á viku, frá 1. janúar 2021.

Launað námsleyfi

Nýtt ákvæði að félagsmenn sem starfað hafa samfelt í 3 ár geta fengið launað leyfi í samtals í þrjá mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.

Undirbúningstími

Þegar starfsmönnum í leikskólum, grunnskólum og öðrum sambærilegum stofnunum eru falin verkefni sem að jafnaði eru á verksviði faglærðra starfsmanna og krefjast undirbúnings skulu þeir starfsmenn fá allt að tvær klukkustundir á viku til að sinna honum.

Orlof

Lágmarksorlof skal vera 30 dagar (240 vinnuskyldustundir).

Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á íbúa.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 til 1,50%	3.000 kr	2.250 kr
1,52 til 2,00%	5.500 kr	4.125 kr
2,01 til 2,50%	8.000 kr	6.000 kr
2,51 til 3,00%	10.500 kr	7.875 kr
> 3,0%	13.000 kr	9.750 kr

**Information in English
are available on
www.sgs.is and
unions' websites.**

Forsendur kjarasamninganna

Komi til þess að samkomulag um náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á nógildandi kjarasamningum vegna forsendu ákvæða þeirra skulu samninganefnd SGS vegna þessa kjarasamnings og SNS taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningi aðila. Náist ekki samkomulag um viðbrögð þá skal samninganefnd þess aðila sem ekki vill að samningurinn haldi gildi sínu tilkynna það gagnaðila og er þá heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Verði nógildandi kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er bæði samninganefnd SGS vegna þessa kjarasamnings og SNS heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Vaktavinna

Vinnutími vaktavinnumanna styttist með sama hætti um vinnutími dagvinnumanna um 13 mínútur á dag frá 1. janúar 2021.

Aðilar eru sammála um að taka áfram fullan þátt í starfshópi aðila opinbera vinnumarkaðarins er fjallar um fyrirkomulag vaktavinnu og starfskjör vaktavinnufólks. Nái starfshópurinn niðurstöðu um frekari breytingar munu samningsaðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti þær verða innleiddar.

Rafræn atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn er rafræn og hefst mánudaginn 3. febrúar kl. 12:00 og lýkur 9. febrúar kl. 12:00. Ítarlegar upplýsingar er að finna á heimasíðu SGS (www.sgs.is) og einnig á heimasíðum einstakra félaga. Boðið verður upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá hverju félagi fyrir sig.



**Starfsgreinasamband
Íslands**